

Rannsóknamiðstöð Íslands

02 231

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Rannsóknamiðstöð Íslands
kt. 531094-2129
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) er að veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og listir og æskulýðsstarf og íþróttir. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 22 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.044,4 milljónir og afkoma kr. 19,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 52,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 410,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknarmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hallgrímur Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	372.600.000	354.200.000
Seld þjónusta	3	846.440	1.926.918
Framlög og ýmsar tekjur	4	663.744.586	542.245.278
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.199.709	7.878.647
Tekjur samtals		1.044.390.735	906.250.843
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	693.523.939	605.913.621
Framlög og tilfærslur	6	73.478.632	6.625.578
Annar rekstrarkostnaður	7	241.434.462	272.571.842
Afskriftir	8	7.199.709	7.878.647
Gjöld samtals		1.015.636.742	892.989.688
Afkoma fyrir fjármagnsliði		28.753.993	13.261.155
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	264.861	18.837.573
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(9.231.953)	(402.152)
		(8.967.092)	18.435.421
Afkoma ársins		19.786.901	31.696.576
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	28.065.533	23.122.154
Rekstrartilfærslur		(8.278.632)	8.574.422
		19.786.901	31.696.576

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		15.584.821	18.412.365
Fastafjármunir samtals		15.584.821	18.412.365
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	12	6.097.915	48.372.631
Tengdir aðilar	13	117.242.265	3.745.693
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	14	19.150.728	12.519.901
Handbært fé	15	252.193.129	194.531.891
Veltufjármunir samtals		394.684.037	259.170.116
Eignir samtals		410.268.858	277.582.481
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	16	52.440.580	34.426.576
Eigið fé samtals		52.440.580	34.426.576
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	183.829.649	128.331.438
Viðskiptaskuldir	17	89.376.940	46.690.866
Ýmsar skammtímaskuldir	18	74.240.528	58.752.731
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	19	10.381.161	9.380.870
Skuldir samtals		357.828.278	243.155.905
Eigið fé og skuldir samtals		410.268.858	277.582.481
Aðrar upplýsingar			
	20		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		19.786.901	31.696.576
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	7.199.709	7.878.647
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.199.709)	(7.878.647)
		<u>19.786.901</u>	<u>31.696.576</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		35.643.889	(43.696.803)
Tengdir aðilar		(54.170.526)	(14.451.566)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		58.173.871	10.653.234
		<u>39.647.234</u>	<u>(47.495.135)</u>
		<u>59.434.135</u>	<u>(15.798.559)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(4.372.165)	(8.030.175)
		<u>(4.372.165)</u>	<u>(8.030.175)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		(1.772.897)	4.830.175
Fjárfestingarframlag		4.372.165	3.200.000
		<u>2.599.268</u>	<u>8.030.175</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		57.661.238	(15.798.559)
		<u>194.531.891</u>	<u>210.330.450</u>
		<u>252.193.129</u>	<u>194.531.891</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2021, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Alþjóðlegar		Samtals 2021
	Rannsóknamiðstöð	Samstarfsáætlanir á	
	Íslands	sviði vísinda	
	02 231 101	02 231 105	
	Málefna svið - málaflokkur		
	23 20	24 10	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	287.300.000	85.300.000	372.600.000
Seld þjónusta	846.440	0	846.440
Vörusala	3.548.280	0	3.548.280
Framlög og ýmsar tekjur	656.416.306	3.780.000	660.196.306
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	7.199.709	0	7.199.709
Tekjur samtals	955.310.735	89.080.000	1.044.390.735
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	687.314.145	6.209.794	693.523.939
Rekstrartilfærslur	23.478.632	50.000.000	73.478.632
Annar rekstrarkostnaður	217.833.558	23.600.904	241.434.462
Afskriftir	7.199.709	0	7.199.709
Gjöld samtals	935.826.044	79.810.698	1.015.636.742
Afkoma fyrir fjármagnsliði	19.484.691	9.269.302	28.753.993
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	264.861	0	264.861
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(9.231.953)	0	(9.231.953)
	(8.967.092)	0	(8.967.092)
Afkoma ársins	10.517.599	9.269.302	19.786.901
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	18.796.231	9.269.302	28.065.533
Rekstrartilfærslur	(8.278.632)	0	(8.278.632)
	10.517.599	9.269.302	19.786.901
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum	289.600.000	85.300.000	374.900.000
Fjárukalög	(4.000.000)	0	(4.000.000)
Millifært úr varasjóð	1.700.000	0	1.700.000
Fjárveiting til tekna	287.300.000	85.300.000	372.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(276.782.401)	(76.030.698)	(352.813.099)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	10.517.599	9.269.302	19.786.901
Staða fjárveitinga 2020 í lok þess árs	28.853.679	3.800.000	32.653.679
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	47.649.910	13.069.302	60.719.212
Rekstrartilfærslur	(8.278.632)	0	(8.278.632)
	39.371.278	13.069.302	52.440.580
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	4.200.000	0	4.200.000
Fjárveiting ársins skv. fjárukalögum	4.000.000	0	4.000.000
Fjárfesting á árinu	(4.372.165)	0	(4.372.165)
Staða fjárfestingarfjárveitingar	(3.827.835)	0	(3.827.835)
Staða fjárfestinga 2020 í lok þess árs	9.031.495	0	9.031.495
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2021	5.203.660	0	5.203.660

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	372.600.000	354.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.199.709	7.878.647
	<u>379.799.709</u>	<u>362.078.647</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	309.700.000	65.200.000	0	374.900.000
Fjárukalög	(4.000.000)	0	0	(4.000.000)
Millifært úr varasjóð	1.700.000	0	0	1.700.000
Fjárveiting til tekna	307.400.000	65.200.000	0	372.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(279.334.467)	(73.478.632)	0	(352.813.099)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	28.065.533	(8.278.632)	0	19.786.901

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	0	1.569.400
Veitinga- og gistiþjónusta	356.440	0
Fræðslustarfsemi og fundir	490.000	357.518
	<u>846.440</u>	<u>1.926.918</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	5.392.146	4.180.928
Kostnaðarhlutdeild	110.000	760.217
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	247.976.584	168.845.197
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	395.356.741	360.239.849
Ýmsar tekjur	14.909.115	8.219.087
	<u>663.744.586</u>	<u>542.245.278</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	551.463.553	480.786.475
Orlof, breyting	18.089.882	16.626.730
Launatengd gjöld	122.796.481	108.153.590
Starfsmannakostnaður	1.174.023	346.826
	<u>693.523.939</u>	<u>605.913.621</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	57,7	49,7
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	50.500.000	0
Rekstrartilfærslur aðrir	22.978.632	6.625.578
	<u>73.478.632</u>	<u>6.625.578</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.947.040	2.339.050
Byggingarvörur, almennar	391.431	193.395
Ýmis tæki og áhöld	5.749.920	3.332.441
Orkugjafar	1.146.881	1.334.563
Matvæli	10.215.315	7.489.896
Almennar rekstrarvörur	978.057	1.197.191
Vörukaup, almenn	20.428.644	15.886.536
Fundir, námskeið, risna	31.188.106	34.765.933
Ferðir, uppihald	6.947.605	12.911.240
Akstur	865.335	394.833
Sérfræðiþjónusta	55.201.221	78.017.057
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	346.276	281.443
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	22.164.868	18.931.697
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.391.449	5.210.615
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	119.104.860	150.512.818
Samningsbundin kaup og leiga	161.382	121.622
Afnotagjöld	41.243.696	41.188.639
Leigugjöld	45.625.533	43.867.452
Notkun véla og flutningatækja	182.437	37.580
Verkkaup	6.832.606	10.124.613
Kostnaðarhlutdeild	7.143.656	10.186.267
Áhættutap og bætur	0	14.995
Tryggingar, lögboðnar	48.923	47.834
Opinber gjöld	605.885	353.486
Tapaðar kröfur	56.840	230.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	101.900.958	106.172.488
Annar rekstrarkostnaður samtals	241.434.462	272.571.842
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.199.709	7.878.647
	7.199.709	7.878.647
9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Ýmsar fjármunatekjur	264.861	18.837.573
	264.861	18.837.573
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	26.852	227.651
Gengistap, verðbreytingar	9.205.101	174.501
	9.231.953	402.152

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	15.584.821	18.412.365
	<u>15.584.821</u>	<u>18.412.365</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

Áhöld, tæki og búnaður Samtals

Staða 01.01.2021	64.761.305	64.761.305
Viðbætur á árinu	4.372.165	4.372.165
	<u>69.133.470</u>	<u>69.133.470</u>
Afskriftir 01.01.2021	46.348.940	46.348.940
Afskrift ársins	7.199.709	7.199.709
	<u>53.548.649</u>	<u>53.548.649</u>
Staða 31.12.2021	<u>15.584.821</u>	<u>15.584.821</u>

12 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	6.097.915	48.372.631
	<u>6.097.915</u>	<u>48.372.631</u>

Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	256.679	48.352.631
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	5.841.236	20.000
	<u>6.097.915</u>	<u>48.372.631</u>

13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	117.242.265	3.745.693
	<u>117.242.265</u>	<u>3.745.693</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	155.286.400	127.978.985
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	28.543.249	352.453
	<u>183.829.649</u>	<u>128.331.438</u>

14 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	4.977.208	1.437.419
Skattar	14.173.520	11.082.482
	<u>19.150.728</u>	<u>12.519.901</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

15 Handbært fé

Tékkareikningar	230.679	44.086.270
Sparisjóðsreikningar	1.127.818	8.195.046
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	250.834.632	142.250.575
	<u>252.193.129</u>	<u>194.531.891</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 187,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	34.426.576	7.588.463
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(1.772.897)	(4.858.463)
Afkoma ársins	19.786.901	31.696.576
Jöfnuður 31.12.	<u>52.440.580</u>	<u>34.426.576</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

17 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir	89.376.940	46.690.866
	<u>89.376.940</u>	<u>46.690.866</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	25.517.220	36.543.545
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	63.859.720	10.147.321
	<u>89.376.940</u>	<u>46.690.866</u>

18 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	73.030.591	54.940.709
Önnur ógreidd gjöld	1.209.937	3.812.022
	<u>74.240.528</u>	<u>58.752.731</u>

Skýringar

19 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	15.584.821	18.412.365
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(5.203.660)	(9.031.495)
	<u>10.381.161</u>	<u>9.380.870</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	18.412.365	(9.031.495)	9.380.870
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	8.200.000	8.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.372.165	(4.372.165)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(7.199.709)	0	(7.199.709)
	<u>15.584.821</u>	<u>(5.203.660)</u>	<u>10.381.161</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 3,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

20 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2022 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 47,17 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 197,89 milljónum. Aðrir styrktar og samstarfssamningar hafa árlegar greiðslu sem nemur 124,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.